

Rangárþing eystra  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Hlíðarvegi 16  
860 Hvolsvöllur

Reykjavík 13. júní 2018  
UST201805-104/K.S.J.  
10.04.02

### **Efni: Aðalskipulag Rangárþing eystra- breyting - Hamragarðar - Seljalandsfoss**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 11. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra á svæði Hamragarða og Seljalandsfoss. Fram kemur í greinargerð að breytingin feli í sér að markað verði afþreyingar- og ferðamannasvæði við Hamragarða og Seljalandsfoss og legu Þórsmurkurvegur breytt þar sem hann fer um svæðið. Einnig kemur fram að skipulagssvæðið er 90 ha.

#### **Afþreyingar- og ferðamannasvæði**


Í greinargerð kemur fram að áætlað er að breyta skilgreiningu á landnotkun við Hamragarða og Seljalandsfoss úr landbúnaðarsvæði og afþreyingar- og ferðamannasvæði af óskilgreindri stærð, í 90 ha afþreyingar- og ferðamannasvæði, þ.e. allt skipulagssvæðið frá Hamragörðum að Suðurlandsvegi verður skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði. Í greinargerð kemur einnig fram að ekki eru fyrirhugaðar umfangsmiklar byggingar aðrar en bygging þjónustumiðstöðvar. Í skipulagsreglugerð er afþreyingar- og ferðamannasvæði skilgreint á eftirfarandi hátt: „*Svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.*“ Umhverfisstofnun telur að afþreyingar- og ferðamannasvæði á svo stóru svæði, þ.e. 90 ha geti mögulega falið í sér uppbyggingu á ýmissi afþreyingu og getur það haft neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins. Umhverfisstofnun telur að jafnframt því að skilgreina svo umfangsmikið svæði sem afþreyingar- og ferðamannasvæði þurfi að setja skilmála um hvernig framkvæmdir eru leyfilegar á því svæði. Umhverfisstofnun minnir á að Seljalandsfoss og umhverfi hans eru svæði nr. 720 á náttúruminjaskrá, og í skránni er lögð áhersla á landslagsheildina en þar segir: „*Seljalandsfoss og Gljúfrabúi, V-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu. (1) Fossarnir báðir, svo og hamrarnir og brekkan milli þeirra. (2) Einkar fallegir fossar, sem setja mikinn svip á landslagið, gróskumiklar brekkur*“, þ.e. áherslan er á vernd alls svæðisins. Nú hefur þjónustumiðstöð og bílastæðum verið hnikað til norðurs til að vernda landslagsheildina og til þess að ekkert skyggi á hana. Þá er mikilvægt að ekki komi til


aðrar framkvæmdir á svæðið sem skyggt geti á fossinn. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að koma fram rökstuðningur fyrir svo mikilli stækkun afþreyingar- og ferðamannasvæðis í breytingartillögunni.

Umhverfisstofnun bendir á að á uppdrætti er fylgir ofangreindri breytingartillögu koma fram tvö óskilgreind svæði fyrir Kötlu jarðvang og starfsemi hans. Ekki kemur fram stærðin á svæðum fyrir jarðvanginn, né hvaða landnotkun er áætluð á svæðinu. Annað svæðið er merkt K61 á móts við innkeyrslu að áætlaðri þjónustumiðstöð. Hitt svæðið sem er skilgreint fyrir jarðvanginn er þar sem bílastæði við Seljalandsfoss eru nú. Umhverfisstofnun bendir á að í tillögu að deiliskipulagi sama svæðis kemur fram að áætlað er að setja upp upplýsinga- og áningasvæði á svæðum jarðvangsins. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að skýra betur hvað felst í svæðum merktum Kötlujarðvangi í ofangreindri aðalskipulagstillögu.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárbings ytra ásamt umhverfisskýrslu. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við breytingu á Þórsmerkurvegi. Umhverfisstofnun tekur undir val á sviðsmynd A og þá stefnu að færa framkvæmdir, bílastæði og umferð lengra frá náttúruminum þ.e. Seljalandsfossi og Gljúfrabúa, en bendir á mikilvægi þess að byggingar verði látlausar og falli vel að umhverfi svo þær skyggi ekki á náttúruminjar. Umhverfisstofnun telur að það þurfi að rökstyðja þá breytingu á landnotkun að skilgreina allt skipulagssvæðið sem afþreyingar- og ferðamannasvæði, og að setja þurfi skilmála um hvers konar framkvæmdir skuli leyfðar á svæðinu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur